



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. maí 2020

USK2020050073

0.1.0

UMSÖGN

Viðtakandi: Alþingi - Nefndasvið

Sendandi: Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið

Umsögn um frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, 662. mál.

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis til Reykjavíkurborgar frá 8. maí sl., þar sem Reykjavíkurborg var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp til laga um samvinnuverkefni um vegaf framkvæmdir, 662. mál. Þess var óskað að undirrituð umsögn bærist eigi síðar en 22. maí 2020.

Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins en vill koma á framfæri tveimur ábendingum er snúa að gjaldtöku vegna samvinnuverkefna, sem lagt er til að umhverfis- og samgöngunefnd hafi í huga við meðferð frumvarpsins:

1. Bent er á að ákjósanlegt væri að líta til sjónarmiða um álagsdreifingu og taka mið af umhverfisáhrifum og ytri kostnaði umferðar við ákvörðun um fjárhæð veggjalda. Veggjald taki mið af ytri kostnaði, þar á meðal umhverfisáhrifum, mismunandi ökutækja og í stað þess að ákvarða eitt fast veggjald fyrir notkun vegar eða vegarkafla, verði hægt að hafa breytilegt verð innan dags til að stýra umferðarálagi.
2. Bent er á að í fyrirliggjandi umferðarspám fyrir Sundabraut hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa gjaldtöku á umferð um veginn. Það er lykilatriði að greiðsluvilji og verðteygni verði greind við frekari undirbúning verkefna og umferðarspár uppfærðar.

Reykjavíkurborg minnir jafnframt á að samkvæmt 28. gr. vegalaga nr. 80/2007, skulu vegir lagðir í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og að sveitarstjórnir fara með skipulagsvald í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

F.h. Reykjavíkurborgar
Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri